

VG Fornleifarannsóknir

Breiðabólsstaður II

Fornleifaskráning vegna breytinga á aðalskipulagi



Atli Rúnarsson

Forsíðumynd er loftmynd af réttinni (2670-1) í Réttarmóa

©Atli Rúnarsson. VG Fornleifarannsóknir

Unnið fyrir Borgarbyggð

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	3
Breiðabólstaður	6
Fornleifar.....	7
Niðurstöður	8
Heimildaskrá	10
Myndaskrá.....	10
Fornleifaskrá	11

Inngangur

Að beiðni sveitarfélagsins Borgarbyggðar tóku Atli Rúnarsson og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingar hjá VG Fornleifa-rannsóknum að sér að skrá fornleifar vegna breytinga á aðalskipulagi á jörðinni Breiðabólsstað 2 (sjá mynd 1) en þar er stefnt að uppbyggingu íbúðarbyggðar.¹ Breiðabólsstaður er austasta jörðin í norðanverðum Reykholtssdal. Vestan við jörðina er Reykholt, austan við hana eru Úlfsstaðir og Norðurreykir að norðan. Engin landfræðileg mörk eru á þessum jörðum en Reykjadalssá rennur á landamörkunum sunnanverðum. Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, vettvangsskráningu og úrvinnslu.



Mynd 1 - Skráningarsvæðið. Kort - Arkís

Á vettvang fór Atli Rúnarsson og sá hann einnig um skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af Atla, nema annað sé tekið fram, og sama á við um kortagerð. Vettvangsferðin var farin þann 27. apríl 2022 og var veður með besta móti, stillt og þokkalega hlýtt miðað við árstíma. Farið var eftir


¹ Sjá: Arkís, 2021

skráningarstölum Minjastofnunar Íslands við skráninguna² og notast bæði við Hi-Target Qmini A7 uppmælingartæki og dróna.



Mynd 2 - Loftmynd af meginhluta skráningarsvæðisins. Reykholt sést í bakgrunni.

Skráningarsvæðið var að mestu leiti stórbýft graslendi og uppblásnir melar, einnig var votlendi og mýrar næst Reykjadalssá. Fornleifaskráningin fékk verk-númerinu 2670 úthlutað frá Minjastofnun Íslands.



Mynd 3 - Staðsetning Breiðabólstaðar er merkt á kortið með stjörnu.

² Sjá: Minjastofnun Íslands, 2013

Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar en í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annarsvegar forngrípir og hinsvegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræju dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkjna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.³

³ Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

Í 16. Grein laganna er vikið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setti reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegst tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó vera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarfalaus.

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3.mgr. 3.gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar

⁴ Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.⁵

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.⁶

⁵ Lög um menningarminjar, 2012, 21.gr.

⁶ Lög um menningarminjar, 2012, 22.gr.

Breiðabólstaður

Breiðabólstaður var landnámsjörð og var í landnámi Önundar breiðskeggs og nam hann tungu alla milli Hvítár og Reykjadalárs og bjó á Breiðabólstað.⁷ Svo var minnst á Breiðabólstað í máldaga Reykholtskirkju frá 1206, þegar Magnús prestur Pálsson og Hallfríður Þorgilsdóttir kona hans létu Reykholt af hendi og Snorri Sturluson tók við,⁸ og einnig var minnst á Breiðabólstað í Máldaga Reykholtskirkju frá 1226.⁹ Í máldaga Reykholtskirkju frá 1358 var sagt að kirkjan ætti Breiðabólstaði báða¹⁰ og í skrá um eignir Reykholtskirkju frá 1463 var sagt að Breiðabólstað fylgdu fimm kúgildi.¹¹ Jörðin var einnig nefnd í ýmsum máldögum og skráum um eigur Reykholtskirkju frá árunum 1478-1575.¹²

Saga Breiðabólstaðar er óhjákvæmilega tengd sögu Reykholts vegna nálægðar, til dæmis þegar kom að vígi Snorra Sturlusonar. Í Þórðar sögu var sagt að Ormur Bjarnarson hafi verið á fundinum þar sem fyrirætlanirnar um drápið á Snorra voru viðraðar en „*Ormr vildi eigi vera við þessi ráð ok reið heim á Breiðabólstað.*“¹³

Breiðabólstaður var nefndur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem var gerð fyrir Borgarfjarðarsýslu árið 1706, og var jarða-dýrleikinn 20 hundruðir og tíundaðist fátækum alleina og var í eigu Reykholtskirkju. Landskuldin var 1 hundruð og borgaðist í öllum gildum landaurum heim til staðarins, leigukúgildin voru 6 og greiddust í smjöri heim til staðarins. Engar kvaðir voru á jörðinni og kvikfé voru 8 kýr, 1 naut fimmvetra, 1 veturgamalt, 2 þrívetra, 1 tarfur, 2 kvígur veturgamlar, 1 kálfur, 65 ær, 44 sauðir tvívetra og eldri, 34 veturgamlir, 3 hestar, 2 hross og 1 unghryssa. Torfrista var sæmileg og móskurður til eldiviðar var bjarglegur. Forni Breiðabólstaður var eyðibýli í heimalandi Reykholtssstaðar, kallað öðru nafni Litli Breiðabólstaður sem hafði ekki verið í byggð í 100 ár, og mátti ekki byggjast aftur því það myndi gera mikla landkreppu á svæðinu.¹⁴

⁷ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 47

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 350

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 471 & 476

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 123

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 400

¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 173-174, Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 736-737, Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi, 1947-1950, bls. 269-270 & 623

¹³ Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju, 1902, bls. 444

¹⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1925, bls. 229-230


Í jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðin í eigu Reykholtskirkju og metin á 20 hundruðir, landskuldin var 1,0, kúgildin 6 og ábúendur voru 1 leigjandi.

Fornleifar

Alls voru skráðar 10 fornleifar/minjar og mögulegar fornleifar/minjar í vettvangsferðinni. Afrakstur fornleifaskráningarinnar má sjá í töflunni hér að neðan auk meðfylgjandi fornleifaskráar og loftmynda sem sýna staðsetningu fornleifanna.

Nr.	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	Hættuorsök
2670-1		Hleðsla	rétt	1550-1800	Vel-greinanleg	Engin-hætta	
2670-2	Breiðavað	Örnefni	vað	1550-1900	Greinanleg	Engin-hætta	
2670-3		Hóll	óþekkt	1550-1900	Vel-greinanleg	Hætta	Uppblásturs-Áfoks
2670-4		Niðurgröftur	óþekkt	1550-1900	Vel-greinanleg	Engin	
2670-5		Hóll	óþekkt	1550-1900	Vel-greinanleg	Hætta	Uppblásturs-Áfoks
2670-6		Gata	leið	1550-1900	Greinanleg	Hætta	Uppblásturs-Áfoks
2670-7	Selvað	Gata	vað	1550-1900	Greinanleg	Engin-hætta	
2670-8		Rutt-svæði	óþekkt	1550-1900	Vel-greinanleg	Engin-hætta	
2670-9		Tóft	óþekkt	1550-1900	Greinanleg	Engin-hætta	
2670-10		Niðurgröftur	óþekkt	1550-1900	Vel-greinanleg	Engin-hætta	

Tafla 1 - Skráðar fornleifar í landi Breiðabólsstaðar 2




Mynd 4 - Kort af skráðum fornleifum/minjum í landi Breiðabólsstaðar 2

Niðurstöður

Þegar fornminjarnar á Breiðabólstað 2 eru skoðaðar þá er ekki hægt að sjá einhvern sérstakan þéttleika eða örugg tengsl á milli minjanna. Lítið hefur verið hróflað við landslaginu, að undanskildu byggðu svæði við þjóðveginn, og er það að mestu leiti stórrýft graslendi og uppblásnir melar.

Tveir hólur voru skráðir sem mögulegar fornleifar, það eru hólur númer 2670-3 og 2670-5. Hólarnir standa töluvert úr landslaginu en þeir eru á mörkum uppblásins mels og graslendi, einnig er niðurgreftur 2670-4 fast austan við hól 2670-3 sem bendir til að eitthver virkni hafi verið á svæðinu. Hólarnir eru inná miðju skipulagssvæðinu og þarf væntanlega að fara í einhverjar aðgerðir til þess að kanna hvort um fornleifar sé að ræða, eins og t.d. kjarnabor eða prufuskurður.

Tvö vöð voru skráð, Breiðavað (2670-2) og Selvað (2670-7), staðsetning Breiðavaðs er nokkuð örugg þar sem vaðið virðist vera enn í notkun í dag en Selvað var töluvert ógreinanlegra en staðsetningin passaði samanber Örnefnaskrá.



Mynd 5 - Hólur 2670-3 & 2670-5 ásamt niðurgrefti 2670-4 merkt inn á loftmynd af svæðinu.



Mynd 6 - Hóll 2670-3 séður frá jörðu

Ein tóft var skráð, 2670-9, og er hlutverk hennar óþekkt og stendur hún neðst í hæðardragi fast norðan við rutt svæði 2670-8 og tengist henni vafalaust. Heillegustu minjarnar sem voru skráðar er réttin í Réttarmóa, 2670-1, sem er hlaðin úr torfi en í örnefnaskrá segir: „*Norðvestan til á Réttareyri er mói, Réttarmói (6). Í honum eru greinilegar rústir af rétt. Hefur hún verið hlaðin úr torfi og sést móta fyrir almenningi og dilkum. Er það álit eldri manna að Rauðsgilsrétt sé arftaki þessarar réttar.*“¹⁵ Rauðsgilsrétt var endurreist 1876 er hún var að hruni komin þannig hún hefur í grunnin verið eldri en það og út frá því hægt að áætla að réttin í Réttarmóa sé í hið minnsta eldri en 1800.¹⁶



Mynd 7 - Réttin í Réttarmóa (2670-1) séð úr lofti. Reykjadalssá í bakgrunni.

¹⁵ Örnefnaskrá - Breiðabólstaður

¹⁶ Kristleifur Þorsteinsson, 1960, bls. 112

Heimildaskrá

- Arkís . (2021). *Breiðabólstaður 2 í Reykholtssdal - Skipulags- og matslýsing fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og tillögu að nýju deiliskipulagi*. Kópavogur: Arkís.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1925). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Borgarfjarðarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi*. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslendingabók og Landnáma*. (1942). Reykjavík: Herbertsprint.
- Kristleifur Þorsteinsson. (1960). *Úr byggðum Borgarfjarðar (B. III)*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- (2012). *Lög um menningarminjar*.
- Minjastofnun Íslands. (2013). *Skráningarstaðlar fornleifa*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.
- Örnefnaskrá - Breiðabólstaður. (án dags.). Örnefnastofnun.
- Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta að fornu og nýju (B. 3)*. (1902). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Myndaskrá

- Mynd 1 - Skráningarsvæðið. Kort - Arkís 1
- Mynd 2 - Loftmynd af meginhluta skráningarsvæðisins. Reykholt sést í bakgrunni. 2
- Mynd 3 - Staðsetning Breiðabólstaðar er merkt á kortið með stjörnu. 2
- Mynd 4 - Kort af skráðum fornleifum/minjum í landi Breiðabólstaðar 2 7
- Mynd 5 - Hólar 2670-3 & 2670-5 ásamt niðurgreftri 2670-4 merkt inn á loftmynd af svæðinu. .. 8
- Mynd 6 - Hóll 2670-3 séður frá jörðu..... 8
- Mynd 7 - Réttin í Réttarmóa (2670-1) séð úr lofti. Reykjadalur í bakgrunni. 9

Fornleifaskrá

-Verknúmer 2670 –

Norður snýr upp á teikningum nema annað sé tekið fram

Númer: 2670-1

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 464340.3 , N 391886.7

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Rétt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1800

Friðlýst: Nei

Lengd: 61m

Breidd: 28m

Vegghæð: 0.2 – 0.6m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:


Á flatlendi í móa, rétt ofan við mýri og læk. Um 140m sunnan við Reykholtisdalsveg. Örnefnaskrá: „Norðvestan til á Réttareyri er mói, Réttarmói. Í honum eru greinilegar rústir af rétt. Hefur hún verið hlaðin úr torfi og sést móta fyrir almenningi og dilkum.“

Lýsing:

Rétt úr torfi. Stór almenningur og 21 dилkar. Virkar gömul, er vel sýgin. Veggjahæðin er frá 0.2 – 0.6m og veggjabreiddin er að jafnaði um 1m. Réttin er þýfð og vel grasi gróin.

Heimildir: Örnefnaskrá – Breiðabólstaður.

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-2

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391694.0 , N 464231.2

Sérheiti: Breiðavað

Tegund: Örnefni

Hlutverk: Vað

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Umhverfi/staðhættir:

Við bakka Reykjadalssáar, það liggur enn vegur að vaðinu. Örnefnaskrá: „Vestan til á eyrinni er nokkuð langur hylur í ánni sem heitir Vilmundarstaðafljót. Fyrir vestan það er vað yfir ánni sem nefniðst Breiðavað.“

Lýsing:

Breiðavað, vað yfir Reykjadalssá sem virðist enn í notkun, dekkjaför yfir vaðið.

Heimildir: Örnefnaskrá - Breiðabólstaður

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-3

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391332.3 , N 464090.2

Sérheiti:

Tegund: Hóll

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Uppblásturs / áfoks

Tímabundið hættumat: Hætta

Tímabundin hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 19.4m

Breidd: 18.9m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Við uppblásinn mel og um 200m SA við húsið Akurgerði.

Lýsing:

Hóll, mögulega rústahóll, stendur vel út úr landslaginu og mögulegar veggjahleðslur efst á honum en hóllinn er vel þýfður og mögulegu hleðslurnar ógreinanlegar. Hóllinn er um 1.5m hár og 19.4 x 18.9m breiður. Niðurgroftur 2670-4 er fast austan við hólinn.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-4

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391341.8 , N 464083.5

Sérheiti:

Tegund: Niðurgroftur

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Hætta

Tímabundin hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 2.7m

Breidd: 2.7m

Dýpt: 1.5m

Umhverfi/staðhættir:


Fast austan við hól 2670-3.

Lýsing:

Niðurgroftur, óþekkt hlutverk. Tengist 2670-3. Um 1.5m djúpur og um 3x3m, ferkantaður. Mold í botni.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-5

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391317.3 , N 464050.4

Sérheiti:

Tegund: Hóll

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Uppblásturs / áfoks

Tímabundið hættumat: Hætta

Tímabundin hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 29.2m

Breidd: 11m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Við uppblásinn mel, um 25m sunnan við hól 2670-3.

Lýsing:

Ílangur hóll, mögulega rústa hóll, stendur vel úr landslaginu. Skrásetjari sá ekki móta fyrir veggjahleðslum á hólnum en hann er vel þýfður. Hóllinn er um 1m hár þar sem hann er hæstur.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-6

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391398.1 , N 463883.7

Sérheiti:

Tegund: Gata

Hlutverk: Leið

Fjöldi: 1

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Uppblásturs / áfoks

Tímabundið hættumat: Hætta

Tímabundin hættuorsök: Framkvæmdir

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 – 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 235.4m

Breidd: 1m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Leiðin liggur í SA frá mögulegum rústahól 2670-5 í átt að Reykjadalsá.

Lýsing:

Leiðin liggur frá mögulegum rústahól 2670-5 niður að Reykjadalsá, hún er vel greinanleg á köflum en annars er hún illgreinanleg. Leiðin hverfur á uppblásna melnum næst 2670-5.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-7

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391596.1 , N 463807.6

Sérheiti: Selvað

Tegund: Örnefni

Hlutverk: Vað

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætt

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Illgreinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Við bakka Reykjadalssá. Í örnefnaskrá segir: „*Suður af móanum er nafnlaus eyri. Austur af henni er vað á ánni er heitir Selvað.*“

Lýsing:

Möguleg staðsetning Selvaðs miðað frá Örnefnaskrá, ekki sést til vaðsins en staðsetningin þykir sennileg en grynningar eru í ánni á þessum stað.

Heimildir: Örnefnaskrá – Breiðabólstaður.

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-8

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391153.8 , N 463824.7

Sérheiti:

Tegund: Rutt svæði

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hættu

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hættu

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 14.3m

Breidd: 5m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Sléttað svæði í mjög þýfðu graslendi, um 30m norðan við Reykjadalssá, neðan við hæðardrag.

Lýsing:

Rutt svæði, óþekkt hlutverk. Mjög grasivaxið svæði í stórþýfðu graslendi.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-9

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391152.5 , N 463835.2

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550 - 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 3m

Breidd: 2.4m

Veggjahæð: 0.2 – 0.6m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:


Um 7m norðan við rutt svæði 2670-8, neðst í hæðardragi.

Lýsing:

Tóft, óþekkt hlutverk. Hlaðin úr torfi. Inngangur mögulega í suðri. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.6m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.5m. Tengist að öllum líkindum ruddu svæði 2670-8.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:



Númer: 2670-10

Sýsla: Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag: Borgarfjarðarsveit

Landareign: Breiðabólstaður 2

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 27.4.2022

ISN93: E 391464.1 , N 464249.5

Sérheiti:

Tegund: Niðurgröftur

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550 – 1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 1.9m

Breidd: 1.4m

Dýpt: 1m

Umhverfi/staðhættir:

Í grasbakka við uppblásinn mel. Um 230m sunnan við Reykholtisdalsveg og um 100m vestan við Reykjadalásá.

Lýsing:

Niðurgröftur, óþekkt hlutverk. Um 1m djúp hola, gras í botni. Holan er „hjartalaga“.

Heimildir:

Ljósmyndir / teikningar:

